

Með opin augu...

Framhald af bls. 9.

og leit niður til okkar. Eftir drykkilanga stund segir hann: „Þjóddu mannum upp — hann er svo fallega hærður. Við gengum upp; ég heilsaði og Kjarval muldraði eitt-hvað, sem ég náði ekki alveg, en efnislega var það á þá leið, að maður eigi að þekkja fólk af háralaginu. Ég var þá með töluvert brúsandi hár og hrokkið.“

Af einhverskonar lotningu eða feimni bar ég aldrei upp erindið. Ég var alveg bergnuminn. Kjarval var þó ekki að mála; hann var á rölti og söng og leyfði okkur að skoða. Ég virti staðinn fyrir mér með tilliti til þess að taka myndir og var strax ákveðinn í að koma aftur og þá með myndavél. Kjarval var með mynd á trönum, — það var konumynd í svanslíki, áhrifamikið málverk, sem ég man vel eftir og spurði hann, hvað myndin hét. „Giovanni“, svaraði hann. Og heimsókninni var lokið.

Ég beið síðan eftir kalli; var of feiminn til að fara bara með myndavélina og láta slag standa. Tíminn leið og svo spyrst það, að Kjarval sé kominn á sjúkrahús. Sveinn hringdi þá í mig og sagðist ekki búast við föður sínum aftur á vinnustofuna. En honum fannst rétt að mynda vinnustofuna eins og Kjarval hafði skilið við hana. Ég fór þá að vörmu spori og tók margar filmur, bæði í lit og svart-hvítar. Og ég notaðist eingöngu við það dagsljós, sem fyrir var. Allt var þá með kunnuglegum ummerkjum og eins og ég hafði áður séð: Skrælnaðir blómvendur, sem einhverjir ókunnir aðdáendur og vinir höfðu sent listamanninum og hann lét síðan standa. Og þar var uppörnuð súkkulaðiterta, búin að vera þar einhvern óratíma án þess að hann hefði nokkru sinni snert við henni, en minnisstæðast var þó að sjá léreft, sem Kjarval hafði sett á blindamma, — stillt því upp á trönum, þar sem litirnir hans lágu og málað á það með daufum brúnum lit autt málraspjald eða palettu. Undir því stóð: Jóh. S. Kjarval. Það var eins og hann hefði vandað undirskriftina meira en hann var vanur. Þannig var viðskilnaður hans, líkt og hann vildi segja: Þá er þessu verki lokið, hér setjum við punktinn og ég þakka fyrir mig.

Þetta var 1969. Síðan eru liðin tíu ár og fannst mér því tími til kominn að koma þeim fyrir almenningssjónir.“

Rafn Hafnfjörð fer í leiðangra á hverju sumri og raunar á öllum árstíðum. „Ströndin heillar mig alltaf mest“, segir hann, en á sýningunni eru líka myndir frá Hveravöllum og Sprengisandi. Stundum myndar hann sama stað á sumri og aftur á vetri og samanburðurinn verður oft eftirminnilegur. Eitt eftirlætis myndefni Rafns er hafrót við strönd eða aðeins alda, sem brotnar við sand. „Mér finnst, að ljósmyndin ná betur en aðrar aðferðir listrænnar tjáningar, þessari hreyfingu, sem verður við sjávarströnd. Svisslendingarnir spurðu líka margo, hvort allar þessar myndir gætu verið frá Íslandi,

svo ólíkar sem þær voru,“ segir Rafn.

Rafn Hafnfjörð er fæddur og uppalinn í Hafnarfirði. Ungur fór hann að stunda myndlistarsýningar inni í Reykjavík. Gjarnan hefði hann þá viljað komast í myndlistarnám í Handíðaskólanum, en aðstæður hans komu í veg fyrir það. Aftur á móti eignaðist hann um fermyngu venjulega kassamyndavél og minnst þess, að í för með íþróttafólki til Vestmannaeyja, heillaðist hann meira af klettunum þar og myndaði þá meira en íþróttakappana. Síðan er hann búinn að eiga og nota æði margar myndavélar, en kominn niður á það núna að nota einvörðungu Hasselblad 6x6 og 35 mm Canon AE1. Hann er lærdur off-setprentari og var meðal brautryðjenda í offsetprentun litmynda í prentsmiðjunni Litbrá, sem hann á og rekur enn þann dag í dag.


Myndir Rafns Hafnfjörð prýða bækur og bæklinga, sem út eru gefin með það fyrir augum að auglýsa hina óvenjulegu náttúru Íslands. Og í nýjasta hefti Canon Chronicle er falleg og áhrifamikil mynd eftir Rafn í opnu: Skammdegi á Hellisheiði, dauf, rauðleit skíma á fjöllum, en blár skammdegisskugginn fallin á landið og rofinn aðeins af bílljósum á svörtum veginum. En fyrir utan sýninguna á Kjarvalsstöðum núna, er það mesta sem hann hefur ráðizt í, þegar hann var fenginn til að skreyta með ljósmyndum Íslandsdeild Heimssýningarinnar í Montreal 1967. Þá tók Rafn nærmyndir af ýmisskonar útlúri íslenzkrar náttúru; stækkaði og vann á svo sérkennilegan hátt, að mörgum þótti sem myndirnar væru abstrakt skreytingar.

Það vakir kannski ekki fyrst og fremst fyrir Rafni að sýna með ljósmyndalegri nákvæmni, hvernig einhver staður lítur út, — heldur að fá listrænt og skáldskaparlegt inn-tak. „Nú orðið les ég varla aðrar bækur en ljóðabækur“, segir hann, „og oft hef ég í huga ákveðnar ljóðlínur, þar sem ég stend og munda myndavélina. Ég hef alltaf verið mjög handgenginn ljóðum“.

En það er athyglisvert, að Rafn er með samheiti á sýningunni; það sama og er yfirskrift þessarar greinar. „Með opin augu“. Í því felst ákveðin ábending til okkar allra, sem höfum kannski ekki alltaf augun opin svo sem vert væri og horfum án þess að sjá. „Ég lít á sýninguna sem framlag til þess að opna augu fólks fyrir fegurð landsins og margbreytileika; til þess að hvetja uppalendur og aðra til að koma auga á, hvert tjáningartæki myndavélin getur verið“.

Gísli.

Gísli Þór Gunnarsson



Trúbrot/ Brot af því besta.

Steinar h/f

Fyrsta platan sem ég eignaðist um ævina var „Lifun“ Trúbrots. Á hverjum degi í hálf tveggja áttu áttu sat ég sem límdur við plötuspilarann og hlustaði bergnuminn á sömu lögin aftur og aftur. Ég var fullkomlega sannfærður um að þetta væri hápunktur allrar listrænnar sköpunar. Að vísu var ég aðeins þrettán ára þegar þetta var, svo ég hafði ekki mikinn samanburð.

Síðastliðið vor sýndi Steinar Berg það lofsverða framtak að gefa út tveggja platta albúm með úrvali úr verkum Trúbrots. Óperan „Lifun“ er þar birt í heild sinni auk samansafns af lögum af þrem öðrum plötum hljómsveitarinnar.

Það voru liðin sjö ár síðan óperan „Lifun“ hreif mig sem mest, þegar ég setti hana á fóninn á nýjan leik, nú fyrir skömmu. Ég var spenntur að vita hvort „Lifun“ væri eins góð og mig minnti.

Víti menn! Óperan hitti beint í mark enda skildi ég nú enska texta plötunnar mun betur en áður.

„Lifun“ lýsir lífi einstaklings frá fæðingu til dauða. Trúin á lífið gengur eins og rauður þráður í gegnum verkið. Sá sem hlustar á plötuna kynnist fyrst hamingjusömu barni sem er umvafið foreldrakærleik. Þegar foreldrarir neyða barn sitt til að fara í skóla þá rofna tengsl þess við foreldrana og barnið fyllist vanmáttarkennd og einmanaleika. Það birtir þó yfir þegar einstaklingurinn uppgötvar kynferðisaðdráttaralítt og hann tekur að glíma við lífið sjálft. Grámolla hversdagslífsins blasir við mannum eftir að skóla lýkur og hann tekur að stunda fast starf. Honum finnst hann vera án sambands við annað fólk og hann spyr sjálfan sig hvort lífið sé honum raunverulega einhvers virði. Svárið kemur ekki fyrr en einstaklingurinn er orðinn gamall. Þá er hann hættur að vonast eftir nokkru af lífinu og svo undarlega vill til að þá tekur hann að njóta lífsins. Minningar um góða daga með konu sér

við hlið og barnahóp verma hann í ellinni og gera seinustu ævidagana bærilega.

Megininntak óperunnar virðist vera áminning til fólks um að láta ekki hraða og samkeppni nútímans gleppja sig, heldur gefa sér tómt til að leita einhvers dýpri skilnings á tilgangi lífsins.

Úrval laga af þrem öðrum plötum hljómsveitarinnar er á hinni plötu albúmsins og eru flest lögin létt og skemmtileg.

Saga Trúbrots eftir Ómar Valdimarsson fylgir með albúminu og er hún mjög skemmtileg aflestrar. Auk þess eru allir textar prentaðir á bakhlið plötuumslagsins og er umslagjö smekklega unnið.

Heimavarnarliðið

— Eitt verð ég að segja þér Miðnefnd S.H.A./Karnabær

„Ég er of meðvitaður um ófullkomleika mannskepnunnar til að láta misgjörðir hennar ergja mig. Mitt mótmædal er að kljást við ranglætið hvar sem ég kem auga á það, ekki að særa ranglætaran, alveg eins og ég myndi ekki kæra mig um að vera minntur á ranglætið sem ég held stöðugt áfram að fremja.“

Hatið syndina en ekki syndarann.“

Mahatma Gandhi.

Þessi tilvitnun var höfð eftir meistara Gandhi sem barðist sigursælli baráttu gegn yfirráðum Breta yfir Indlandi.

Ástæðan fyrir því að ég kem með þessa tilvitnun hér, er sú að mér finnst hún eiga vel við baráttu-aðferðir „Heimavarnarliðsins“ gegn herstöð Nató á Miðnesheiði.

Höfundar efnis á plötunni hafa það að leiðarljósi að gagnrýna hlutlægt, í stað þess að beita fyrir sig smásálarlegu persónuníði.

Ég hirði ekki um að telja upp nöfnin á öllum hinum áheyrilegu listamönnum sem láta ljós sitt skína á plötunni.

Einn maður á þó öðrum mönnum hrós skilið fyrir hvað vel hefur til tekist með þessa hljómsplötu. Hann er Sigurður Rúnar „fiðla“ sem hefur útsett öll lögin auk þess sem hann hefur samið fallagasta lag plötunnar við hið gullfallega kvæði „Fylgd“ eftir Guðmund Böövarsson. Í kvæðinu talar Guðmundur til sonar síns og brýnir fyrir honum að selja aldrei landið sitt fyrir erlent gull. Guðmundur getur örugglega legið rólegur í gróf sinni, því sonurinn hefur bersýnilega meðtekið boðskap hans. Lag Böövars Guðmundssonar á plötunni sannar það svo að ekki verður um villst, því þar eru stuðningsmenn hersins dregnir sundur og saman á háði.

Jafn skemmtilegar plötur og þessi hafa ótvírætt áróðursgildi. Án þess að ég ætlaði mér það fyrirfram var ég farinn að raula fyrir munni mér „Ísland úr Nató og herinn á brott.“

Nú bíða menn bara spenntir eftir mótleik Varðbergs. Hvenær skyldu þeir gefa út sína plötu?

Eitt verð ég að segja þér.

Heimavarnarliðið